

3. fundur stjórnar Foreldrafélags Árbæjarskóla

11. október 2016 kl. 17:15 - 18:30.

Mættir: Elín María, Erla Svanborg, Bjarki Rafn og Kristín H.

Boðuð forföll: Guðbjörg, Víoletta og Kristín Þóra.

Dagskrá:

- Fundurinn með Vöndu
 - Námskeið á vegum Samfok
 - Önnur mál
-
- Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur, *Vínátta og forvarnir gegn einelti*, tókst mjög vel. Frábær mæting þar sem gestir voru u.þ.b. 100 og einnig var góð þátttaka úr sal.
 - o Selásskóli borgar 1/3 hluta.
 - Rætt um námskeið sem Samfok er að bjóða uppá þessa dagana.
 - o Í síðustu viku var námskeið fyrir bekkjarfulltrúa.
 - o Í þessari viku eru námskeið fyrir fulltrúa foreldra í skólaráði annars vegar og hins vegar fyrir stjórnir foreldrafélaga.
 - o Fimmtudaginn 13. október stendur Samkóp (samtök foreldrafélaga í Kópavogi) fyrir fyrirlestri í Kársnesskóla um kvíða barna og unglinga.
 - o Lagt var til að við fylgdumst með fyrirlestrum í öðrum skólum til að athuga hvort við finnum eitthvað sem við gætum hugsað okkur að bjóða foreldrum og/eða nemendum í Árbæjarskóla upp á.
 - Rætt um að spyrja árgangafulltrúa 1.- 4. bekkja hvort þeir vilji sjá um jólaföndur í ár fyrir yngsta stig.
 - Rætt hvort búið væri að athuga með fagaðila til að sjá um mæðgna- og feðgafræðslu sem er fyrirhuguð í febrúar. Enn spurningarmerki við það.
 - Foreldri stakk upp á möguleika að bjóða námskeið í „stop-motion“ kvikmyndagerð sem hluta af samverustund barna og foreldra. Gæti hugsanlega verið fleiri en eitt skipti.

Reykjavík, 12.10.2016.